Rammasamningur um vátryggingar fyrir bændur

Bændasamtök Íslands, kt. 631294 - 2279, Bændahöllinni v/Hagatorg, 127 Reykjavík, hér eftir kölluð BÍ, og Vátryggingafélag Íslands hf., kt. 690689 - 2009, Ármúla 3, 108 Reykjavík, hér eftir kallað VÍS, gera með sér eftirfarandi rammasamning um vátryggingar fyrir bændur.

1. Tilgangur

BÍ gera eftirfarandi rammasamning um vátryggingar fyrir hönd félagsmanna sinna sem tekur við af samningi sem var undirritaður var 8. júní 1999. Þessi rammasamningur miðast aðallega við hefðbundinn búrekstur í sauðfjár- og nautgriparækt en nær einnig til bænda sem stunda annarskonar búrekstur. Garðyrkjubændur falla ekki undir samning þennan en sérstakur rammasamningur hefur verið gerður við þá.

2. Tryggingar

BÍ og VÍS leggja á það áherslu að tryggingavernd hvers bús sé á hverjum tíma eins góð og kostur er. Eins mun VÍS kappkosta að bjóða bestu kjör á persónutryggingum til bænda. VÍS mun í heimsóknum og samtölum við bændur kynna og benda á eftirtaldar tryggingar.

2.1. Einkatryggingar

- F plús fjölskyldutryggingar
- Húseigendatryggingar
- Líftryggingar
- Sjúkdómatryggingar
- Al-kaskótryggingar ökutækja

2.2. Tryggingar vegna búrekstrar

- Landbúnaðartryggingar
- Óveðurstryggingar vegna útihúsa
- Slysatryggingu með örorkubótum, dagpeningum og dánarbótum vegna slysa
- Örorkutryggingu vegna slysa, sem tryggir hærri bætur vegna alvarlegra slysa
- Slysa- og sjúkratryggingu
- Launþegatryggingu vegna starfsmanna búsins
- Rekstrarstöðvunartryggingu
- Hálf-kaskó- og Al-kaskótryggingu dráttarvéla
- Al-kaskótryggingu snjósleða og fjórhjóla
- Brunatryggingu og all risk tryggingu á óskráningarskyld ökutæki
- All risk tryggingar á tæki sem getur þurft að tryggja með víðtækari skilmálum en skilmálum Landbúnaðatryggingar
- Dýratryggingar VÍS Agría

2.3. Lögboðnar tryggingar

- Ábyrgðartryggingar ökutækja
- Brunatryggingar húseigna

2.4. Aðrar tryggingar
Stundi bændur önnur störf en hefðbundinn búskap, mun VÍS kynna þeim aðrar tryggingar sem þeir kunna að hafa þörf fyrir vegna þeirra starfa.

2.5 Annað
Bótasvið einstakra trygginga sem hér hafa verið taldar upp kemur fram í skilmálum félagsins og áskilur félagið sér rétt til að breyta vöruframboði og eða heitum vátrygginganna á samningstímanum.

Félagsmönnum BÍ er heimilt að setja saman þann tryggingapakka sem hentar hverjum fyrir sig bæði með tilliti til tryggingategunda og bótafjárhæða.

VÍS mun leitast við í samvinnu við BÍ að þróa tryggingar fyrir bændur og búrekstur þannig að þær fylgi þeirri þróun sem verður í framtíðinni og einnig að kanna nýjar tryggingar til dæmis „ sjúkdómatryggingar „ vegna bústofns.

VÍS mun kanna í samstarfi við BÍ hvort grundvöllur sé fyrir því að bjóða BÍ hópsjúkdóma-tryggingu fyrir félagsmenn BÍ sem kæmi í staðinn fyrir eða til viðbótar við Sjúkrasjóð BÍ.

BÍ bera ekki ábyrgð á tryggingartöku né greiðslu iðgjalda einstakra félagsmanna sinna. Hver einstakur bóndi semur um sínar tryggingar og ber ábyrgð á greiðslu iðgjalds.

3. Iðgjöld
Viðmiðunariðgjöld við upphaf samningsins miðast við iðgjöld VÍS í ágúst 2008. Iðgjöld trygginga á samningstíma miðast við gjaldskrá VÍS á hverjum tíma. Verði breytingar á iðgjöldum þeirra trygginga sem eru í samningi þessum og eingöngu snerta bændur mun VÍS kynna BÍ það sérstaklega áður en breytingarnar taka gildi.

Þegar fjármögnunarfyrirtæki fara fram á sér tryggingar vegna tækja sem þau fjármagna og bændur eru að kaupa, skal VÍS taka tillit til þess vegna ákvörðunar iðgjalds að hluti þeirrar áhættu getur verið innifalin í Landbúnaðartryggingu.

4. Afslættir
Bændur sem ganga frá „bændapakka“ sem inniheldur að lágmarki Landbúnaðartryggingu og Slysatryggingu eða Launþegatryggingu fá 10% afslátt af iðgjöldum VÍS af þeim tryggingum og einnig af eftirtöldum tryggingum: Óveðurstryggingu útihúsa, slysa-og sjúkratryggingu, Örorkutryggingu vegna slysa og Rekstursstöðvunartryggingu.

Bændur sem stunda annan búskap en sauðfjár, nautgripa eða garðyrkjurækt og ganga frá samsettum pakka hjá VÍS sem inniheldur að lágmarki lausafjártryggingu, ábyrgðartryggingu og slysa- eða launþegatryggingu fá 10% afslátt af iðgjöldum VÍS af sömu tryggingum.

Bændur sem eru með landbúnaðartryggingu eða samsettan pakka eins og fram kemur í 2. málsgrein 4 greinar í samningi þessum fá 50% bónusafslátt af ábyrgðariðgjaldi vegna dráttarvéla til landbúnaðarstarfa, snjósleða og fjórhjóla ef ekki eru skráð tjón á þessar tryggingar.

5. Landbúnaðartrygging

Landbúnaðartrygging er hornsteinn þessa samnings. Iðgjöld og vátryggingaverðmæti miðast við forðagæsluskýrslur frá BÍ þannig að bændur þurfa ekki að öðru leyti að upplýsa félagið um magn og verðmæti hins tryggða hvort sem um er að ræða bústofn, fóður, áhöld eða tæki. Það er ekki lagt neitt sérstakt mat á verðmæti véla og tækja heldur taka skilmálar félagsins mið af því að áhöld og tæki sem tilheyra búrekstrinum séu vátryggðar samkvæmt raunverulegu verðmæti á hverjum tíma.

Til þess að geta tekið Landbúnaðartryggingu samkvæmt framangreindu fyrirkomulagi, þurfa bændur að undirrita umboð sem heimilar VÍS að fá upplýsingar úr forðagæsluskýrslu um stærð bústofns og magn fóðurs.

BÍ gefur VÍS síðan upplýsingar um viðmunarverð á bak við hverja einingu sem er í forðagæsluskýrslunni.

6. Þjónusta

BÍ leggja áherslu á að VÍS veiti félagsmönnum BÍ eins góða þjónustu og kostur er hvarvetna á landinu. VÍS hefur skipt landinu í 5 þjónustusvæði þar sem hverju svæði er stjórnað af sérstökum þjónustufulltrúa bænda. Auk þess rekur VÍS umdæmis- og þjónustuskrifstofur um land allt sem eru tölvutengdar gagnagrunni félagsins og geta þannig veitt bændum hvar sem er á landinu góða þjónustu. Yfirlit yfir þjónustunet VÍS kemur fram í viðauka 1 við þennan samning.

VÍS mun í samráði við þá bændur sem tryggja hjá félaginu endurskoða reglulega tryggingaþörf hvers og eins, t.d. með heimsóknum bændafulltrúa á tveggja til þriggja ára fresti, símtölum, bréfaskriftum og á annan þann hátt sem hentar félagsmönnum BÍ.

7. Markaðssamstarf

Samingsaðilar eru sammála um að stuðla að bættri tryggingarvernd félagsmanna BÍ.

BÍ munu stuðla að því að samstarf félaganna og þessi samningur verði kynntur mjög vel opinberlega, m.a. með greinaskrifum í Bændablaðið og munu BÍ gefa VÍS kost á greinaskrifum í blaðið á samningstímanum. VÍS er heimilt að nota nafn BÍ í kynningarefni vegna trygginga til bænda í samræmi við þennan samning.

BÍ lýsa yfir að þau aðstoði VÍS við markaðssetningu tryggingaframboðs þessa rammasamnings eftir nánara samkomulagi á hverjum tíma.

BÍ og VÍS senda félagsmönnum BÍ í upphafi samnings sameiginlegt bréf þar sem samstarf félaganna er kynnt.

8. Viðskipti við félagsmenn BÍ

VÍS bíður félagsmönnum BÍ tryggingar samkvæmt þessum samningi. Tryggingataka VÍS miðast við almennt áhættumat hjá félaginu og getur félagið hafnað einstökum tryggingum, sett skilyrði fyrir tryggingartöku eða synjað einstökum aðilum um vátryggingar vegna sérstakra aðstæðna.

9. Forvarnir
Forvarnir eru mikilvægt hagsmunamál fyrir bændur og tryggingafélag þeirra þar sem verulegt samhengi er milli tjóna og iðgjalda. BÍ og VÍS eru sammála um að vinna að forvarnarverkefnum meðal bænda á samningstímanum með það að markmiði að draga úr tjónatíðni.

Ef fullkominn forvarnarbúnaður er á bóndabýlum og ekki eru neinar athugasemdir frá opinberum aðilum vegna eldvarna eða bygginga að öðru leiti, veitir VÍS 15% afslátt af iðgjaldi landbúnaðartryggingar.

VÍS og BÍ munu leggja áherslu á að þróa forvarnarvinnu meðal bænda og skilgreina hvað fullkomin forvarnarbúnaður stendur fyrir. Stefnt er að því að skilgreina þarfirnar í flokka, t.d. a) og b) og bjóða bændum allt að 15% afslátt.

10. Samstarfsnefnd
Samningsaðilar tilnefna fjóra aðila í samstarfsnefnd, tvo aðila frá hvorum samningsaðila. Nefndin getur kallað til aðra aðila ef svo ber undir. Verkefni þessarar samstarfsnefndar eru m.a.:

- Að vera vettvangur fyrir upplýsingamiðlun varðandi þau mál sem varða þennan samning.
- Að vera vettvangur fyrir mál sem kunna að koma upp og eru ágreiningsmál varðandi framkvæmd samningsins.
- Að vera vettvangur fyrir almenn skoðanaskipti og upplýsingagjöf varðandi atriði sem geta haft áhrif á tryggingamál bænda.
- Að vera vetvangur fyrir frekari framþróun þessa samnings.

Samstarfsnefndin hittist reglulega tvisvar á ári og oftar ef þurfa þykir. Fulltrúar VÍS sjá um að kalla nefndina saman, en fulltrúar BÍ geta einnig óskað eftir því að nefndin komi saman.

11. Samningstími og endurskoðunarákvæði
Samningur þessi er gerður til 6 ára. Báðum aðilum er heimilt fyrir lok þriðja árs samningstímans að fara fram á endurskoðun samningsins eða segja honum upp. Ef hvorugur aðili fer fram á endurskoðun samnings þá endurnýjast samningur sjálfkrafa óbreyttur til þriggja ára.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjavík, 26. ágúst 2008

Vátryggingafélag Íslands hf. Bændasamtök Íslands

Viðauki 1

Þjónustunet VÍS

VÍS hefur skipt landinu í 6 þjónustusvæði. Þjónustusvæðin og ábyrgðarmenn þeirra eru eftirfarandi:

1. svæði - Vesturland og Vestfirðir:
Borgarfjarðarsýsla, Mýrasýsla, Snæfellsnessýsla, Dalasýsla, Barðastrandasýslur, Ísafjarðarsýslur og Strandasýsla.

Ábyrgðarmaður: Jón A. Gunnlaugsson, umdæmisstjóri VÍS á Vesturlandi.
Guðni Ólafur Jónsson, umdæmisstjóri VÍS á Vestfjörðum.
Bændafulltrúi: Björn Tryggvason, Akranesi.
Guðni Ólafur Jónsson, Ísafirði

Þjónustustaðir:

Akranes	Borgarnes
Búðardalur	Grundarfjörður
Hólmavík	Snæfellsbær
Stykkishólmur	Bíldudalur
Bolungarvík	Ísafjörður
Patreksfjörður	Tálknafjörður
Þingeyri	

2. svæði - Norðurland vestra:
Miðnorðurland, Húnavatnssýslur, Skagafjarðarsýsla og Eyjafjarðarsýsla.

Ábyrgðarmaður: Helgi Jóhannesson, umdæmisstjóri VÍS á Norðurlandi.
Bændafulltrúi: Gísli Arnór Pálsson, Akureyri.

Þjónustustaðir:

Akureyri	Blönduós
Dalvík	Sauðárkrókur
Hvammstangi	Ólafsfjörður
Siglufjörður	

3. svæði - Norðurland eystra:
Þingeyjarsýslur

Ábyrgðarmaður: Helgi Jóhannesson, umdæmisstjóri VÍS á Norðurlandi.
Bændafulltrúi: Þorsteinn Ragnarsson, Húsavík.

Þjónustustaðir:

Húsavík	Raufarhöfn
Þórshöfn	

4. svæði - Austurland:
Múlasýslur

Ábyrgðarmaður: Methúsalem Einarsson, umdæmisstjóri VÍS á Austurlandi.
Bændafulltrúi: Hafsteinn Jónasson, Egilsstöðum.

Þjónustustaðir:

Borgarfjörður eystri	Djúpivogur
Egilsstaðir	Reyðarfjörður
Neskaupstaður	Seyðisfjörður
Vopnafjörður	

5. Svæði - Suðurland:
Skaftafellssýslur, Rangárvallasýsla, Árnessýsla og Gullbringu- og Kjósarsýsla.

Ábyrgðarmaður: Smári Kristjánsson, umdæmisstjóri VÍS á Suðurlandi.
Bændafulltrúi: Guðmundur Ólafsson, Reykjavík

Þjónustustaðir:

Reykjavík	Hafnarfjörður
Mosfellsbær	Hella
Hveragerði	Hvolsvöllur
Höfn	Selfoss
Vestmannaeyjar	Vík
Þorlákshöfn	Keflavík
Grindavík	

Framangreind skipting þjónustusvæða og staðsetning þjónustuskrifstofa getur breyst á samningstíma.